

Skipulagsstofnun
Egill Þórarinsson
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. mars 2019
2019020004/42-2
TB, SBR
tb

Aukin framleiðsla á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði, viðbót við frummatsskýrslu, umsögn

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 30. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um viðbót við frummatsskýrslu Fjarðarlax og Arctic Sea vegna 14.500 tonna framleiðsluaukningu á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði. Um er að ræða viðbót við fyrri frummatsskýrslu frá árinu 2015 vegna fjögurra úrskurða úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 27. september og 4. október 2018. Beðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun vill að það komi fram að þegar frummatsskýrsla um þetta mál var lögð fram 30. september 2015 þá var stofnunin ekki orðin lögbundinn umsagnaraðili um frummatsskýrslur en varð það við gildistöku laga nr. 63/2013 um náttúruvernd 15. nóvember 2015. Náttúrufræðistofnun tekur því ekki afstöðu til gæða frummatsskýrslunnar.

Almennt má segja að botndýralíf sé ekki vel kortlagt á áhrifasvæðunum en vísað til ríkandi botngerða í fjörðunum í gögnum málsins. Áhrif á botndýralíf undir sjókvíum og í nágrenni þeirra er nokkuð vel þekkt en erfitt er að segja til um áhrif sem t.d. aukið magn næringarefna á svæðinu getur hugsanlega haft á fjörur. Markverðastar eru helst sandmaðksleirur sem finnast innarlega í báðum fjörðunum og Náttúrufræðistofnun flokkar sem forgangsvistgerðir hvað varðar verndargildi. Almennt eru setfjörur oft taldar viðkvæmari fyrir lífrænni mengun, sem getur t.d. komið frá fiskeldi, frekar en þangfjörur og væri því eðlilegt að vakta þær í nágrenni sjókvía. Íslenskar rannsóknir hingað til hafa bent til þess að fiskeldi innan fjarða sé að hafa lítil áhrif á fjörulífriki þar sem lífræn mengun sé nánast eingöngu undir sjókvíum og næsta nágrenni, eins og áður hefur komið fram, en þetta mætti skoða betur.

Patreksfjörður:

Við Sandodda í Patreksfirði er að finna stóra sandmaðksleiru en þar er áætlað að Fjarðarlax hafi sjókví skammt undan landi.

Tálknafjörður:

Í Tálknafirði er áætlað að hafa kvíarnar mun utar en í Patreksfirði og því líklegt að minni áhrif verði á nærliggjandi umhverfi. Þar stór leirusvæði við Sveinseyri og sandmaðksleirur í botni



fjarðarins.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir innsend viðbótargögn og telur að þau nægi til að meta megi umhverfisáhrif þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á staðsetningu sjókvía í Patreksfirði og Tálknafirði.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

